

## REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 638/1987  
um um menntun, réttindi og skyldur tannfræðinga.**

### 1. gr.

3. gr. orðast svo:

Tannfræðingar starfa að fræðslu, ráðgjöf, skipulagningu og framkvæmd tannverndar og öðrum störfum á sviði tannheilsu, sem þeir hafa menntun til. Klíniskt verksvið tannfræðings takmarkast við skoðun munnhols, tannsteinshreinsun, pússun tanna og tannfyllinga og flúorlökun tanna.

Tannfræðingur skal vísa sjúklingi til tannlæknis áður en meðferð hefst ef;

- a) um er að ræða sjúkling sem vegna sjúkdómsástands eða lyfjainntöku er í aukinni áhættu vegna meðferðar í munnholi,
- b) um er að ræða flókna meðferðarpörf,
- c) meðferð hjá tannfræðingi hefur ekki gefið þann árangur sem vænst er og ástæða er til að ætla að sjúklingur þurfi meðhöndlun sem er fyrir utan verksvið tannfræðings,
- d) einhver þau sjúkdómseinkenni eða frávik sjást við skoðun og greiningu sjúklings sem eru fyrir utan verksvið tannfræðings.

Tilvísun til tannlæknis skv. 2. mgr. skal vera skrifleg. Í henni skal koma fram lýsing tannfræðings á ástandi sjúklings eins og það kemur honum fyrir sjónir.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðissréttita, öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 8. júlí 2009.*

**Ögmundur Jónasson.**

*Berglind Ásgeirs dóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 23. júlí 2009